



BARNA MATSEÐILL

BÖRN 12 ÁRA OG YNGRI

VERÐ: 1.290.-

FRÉTT FYRIR 0-3 ÁRA

(MEÐ ÖÐRUM PÖNTUNUM, EF BORDAÐ ER Á STAÐNUM)



1.
FISKUR DAGSINS
MEÐ KARTÖFLUM
OG SALATI

2. 3.
KJÚKLINGUR MEÐ
FRÖNSKUM
SALATI OG SAUSNI

LAMBAKJÖT MEÐ

TÓMATSÓSA
FYLGIR ÖLLUM
BARNARÉTTUM

4.
SPAGETTÍ MEÐ
TÓMATASÓSU OG
PAPRIKU

5.
HAMBORGARI MEÐ
TÓMATASÓSU OG
FRÖNSKUM

6.
ÉSPINNI, SLEIKTIPINNI
EÐA EPLI Í EFTIRRÉTTI FYRIR
DUGLEGA KRAKKA!

LAGARFLJÓTS

ORMURINN

Það bar til einu sínu í fornöld, að kona nokkur bjó á bæ einum í Héraðinu við Lagarfljót. Hún átti dóttur eina vaxna. Henni gaf hún gullhring.

Þá segir stúlkan: *“Hvernig get ég haft mest gagn af gullinu því arna, móðir mín?”*
“Leggðu það undir lyngorm.” segir konan.

Stúlkan tekur þá lyngorm og lætur gullíð undir hann og leggur ofan í trafeskjur sínar. Liggur ormurinn þar nokkra daga. En þegar stúlkan fer að vitja um eskjurnar, er ormurinn svo stór orðinn, að eskjurnar eru farnar að gliðna í sundur. Verður stúlkan þá hrædd, þrífur eskjurnar og kastar þeim með öllu saman í fljótið.


Líða svo langir tímar, og fara menn nú að verða varir við orminn í fljótinu. Fór hann þá granda mönnum og skepnum, sem yfir fljótið fóru. Stundum teygðist hann upp á fljótisbakkana og gaus eitri ógurlega.

Þótti þetta horfa til hinna mestu vandræða, en enginn vissi ráð til að bæta úr þeim. Voru þá fengnir til Finnar tveir. Áttu þeir að drepa orminn og ná gullinu. Þeir steyptu sér í fljótið, en komu bráðum upp aftur. Sögðu Finnarnir, að hér væri við mikið ofurefli að eiga og væri ekki hægt að bana orminum eða ná gullinu. Sögðu þeir, að annar ormur væri undir gullinu og væri sá miklu verri en hinn. Bundu þeir þá orminn með tveimur böndum. Lögðu þeir annað fyrir aftan bægslin, en annað aftur við sporðinn.

Ormurinn getur því engum grandað, hvorki mönnum né skepnum, en við þer, að hann setur upp kryppu úr bakinu, og þykir það jafnan vita á stórtíðindi, þegar það sést, t.d. harðæri eða grasbrest. Þeir, sem enga trú leggja á orm þennan, segja, að það sé froðusnakkur, og þykjast hafa sagnir um það, að prestur nokkur hafi ekki alls fyrir löngu róið þar þvert yfir, sem ormurinn sýndist vera, til að sanna með því sögu sína, að hann sé enginn.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri (1862)
Þjóðsaga, ritstjóri Jón Árnason

HEFUR ÞÚ SÉÐ
LAGARFLJÓTSORMINN?



ELDHÚSIÐ
RESTAURANT